

**Ed.**

**336. Frumvarp**

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Jarðirnar Þormódsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

**2. gr.**

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

**3. gr.**

Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótageiðsla til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara. Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, er vatnsveitufélag Skildinganeskaupþúns hefir lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Ef eigi næst samkomulag milli Reykjavíkur annarsvegar og Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu hinsvegar, skal það, er milli ber, lagt í gerð þriggja manna. Nefnir bæjarstjórn Reykjavíkur einn gerðarmann, sýslunefnd Kjósarsýslu og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í sameiningu annan, en hæstiréttur oddamað, er sé formaður gerðardóms, og skal oddamaður vera búsettur utan Reykjavíkur og Kjósarsýslu. Nú nefnir aðili ekki mann í gerðardóm, og skal þá hæstiréttur nefna í hans stað. Gerð þessara manna er aðiljum skylt að hlíta.

Um ágreining milli Reykjavíkur og vatnsveitufélags Skildinganeskaup-  
túns skal fara með samsvarandi hætti.